

## Fundargerð nr. 210

### 210. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn á Teams 22.3.2024, kl. 13:15

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson. Sveinn Ingi Sveinbjörnsson boðaði forföll.

#### 1. Ársreikningur 2023

Helga lagði ársreikning fyrir stjórn. Stjórn samþykkir ársreikning eins og hann kemur fyrir. Ársreikningur verður sendur til formanns héraðsnefndar og héraðsskjalasafns eftir undirritun.

#### 2. Skólagjöld skólaárið 2024 – 2025

Ákvörðun um skólagjöld verður tekin eftir héraðsnefndarfund 9. apríl.

#### 3. Önnur mál

- a. Drög að skóladagatali 2024-2025 kynnt. Skóladagatöl grunnskóla eru til grundvallar skv. kjarasamningi.
- b. Tónlistarskóli Árnesinga fékk jafnlaunataðfestingu frá Jafnréttisstofu 30. janúar 2024.
- c. Úttekt. Mennta- og barnamálaráðuneytið stendur núna fyrir úttekt á öllum tónlistarskólum landsins. 10 ólíkir skólar voru valdir til nánari úttektar og er Tónlistarskóli Árnesinga einn þeirra. Felst úttektin í viðtölum við skólastjóra, þrjá kennara og sex nemendur, og netkönnun kennara og 30 foreldra.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:10 / HES

Fundargerð send til fundarmanna í tölvupósti til samþykktar.

*Kjartan Björnsson  
Erla Sif Markúsdóttir  
Helga Sighvatsdóttir  
Jóhann I. Stefánsson*